

Sjálfsmatsskýrsla gæðaráðs Keilis

2016 - 2017



Keilir

Miðstöð vísinda,
fræða og atvinnulífs

Efnisyfirlit

1. Gæðastefna Keilis	3
2. Gæðaráð	4
3. Mat á skólastarfi	4
4. Helstu verkefni 2016 – 2017	5
5. Niðurstöður kannana	6
5.1 Kennsla og kennsluhættir	6
5.2 Þjónustukönnun og könnun um líðan nemenda	7
5.3 Náms- og starfsgengi nemenda sem útskrifaðir eru	14
5.4 Móttaka nýs starfsfólks	14
6. Úttekt á stöðu eigna	14
7. Starfsmannasamtöl	14
8. Sjálfsmatsáætlun og markmiðssetning	15
9. Gæðamál flugakademíu	15
10. Skráningarbrottfall	15
11. Einkunnadreifing	15
12. Aldur, kyn og búseta nemenda	15
13. Sjálfsmatskýrsla deilda	16
14. Mat á prófum	16
15. Markmið næsta árs hjá gæðaráði	17
16. Samantekt	17

1. Gæðastefna Keilis

Gæðastefna Keilis er sett undir forystu framkvæmdastjóra Keilis. Hann ber ábyrgð á því að gæðastefnan sé í samræmi við markmið og starf Keilis. Framkvæmdastjóri skal sjá til þess að gæðastefnunni sé viðhaldið.

Gæðastefna Keilis er birt á sérstöku skjali og er einnig aðgengileg á gæðavef Keilis, One Quality.

Hlutverk Keilis er að veita nemendum sínum og viðskiptavinum sem besta þjónustu. Lögð er áhersla á að skapa sem heilbrigðast umhverfi fyrir nemendur og starfsfólk þannig að allir geti sinnt hlutverki sínu innan fyrirtækisins – hvort heldur er í námi eða annarri vinnu.

Sérstakt gæðaráð skal leitast við að starfsemin taki sem mest mið af markmiðum starfseminnar. Í því skyni stuðlar gæðaráð að innra eftirliti, ytri úttektum sem og tillögum til úrbóta eftir því sem kostur er. Skal stöðugt leitað eftir samstarfi nemenda og starfsfólks í þessu skyni. Unnið er á grundvelli laga um framhaldsskóla 92/2008 með síðari breytingum sem og samningi Keilis við Mennta- og menningarmálaráðuneytið. Gæðaráð er skipað sjö einstaklingum, völdum af framkvæmdastjóra.

Samkvæmt gæðastefnu Keilis skal stöðugt leitast við að:

- Halda uppi skýru og reglulegu innra eftirliti með úttektum og tengja við gæðastjórnun Keilis. Leita jafnframt eftir ytra eftirliti sem þjóna megi markmiðum gæðastefnu.
- Safna sem gleggstum upplýsingum um árangur af skólastarfi, þ.m.t. árangur á prófum, umsögnum um kennara og starfsfólk, árangur nemenda að námi loknu, líðan nemenda og starfsfólks í skólanum og annað það sem kann að þjóna gæðamarkmiðum.
- Endurskoða reglulega gæðamarkmið.
- Taka út reglulega styrkleika og veikleika í starfinu.
- Sjá til þess að öllum markmiðum, s.s. um fjölskyldustefnu, samfélagsábyrgð, umhverfisstefnu og fjárhagslegri ábyrgð sé fylgt.
- Tryggja að starf Keilis sé í samræmi við lög, reglugerðir og samninga er snerta starfið á einhvern hátt og sjá til þess að réttindi allra séu virt.
- Gagnkvæm virðing sé ráðandi í umgengni þeirra er starfa og nema innan Keilis.
- Setja ný markmið um aukna þjónustu.

2. Gæðaráð

Árið 2016 – 2017 var markmiðið að hafa að minnsta kosti einn starfsmann úr hverri deild í ráðinu. Sjö starfsmenn sátu í gæðaráði og áttu allar deildir nema Íþróttakademía fulltrúa í ráðinu. Eftirfarandi starfsmenn voru í gæðaráði:

- Anna María Sigurðardóttir, kennslusviði
- Berglind Kristjánsdóttir, háskólabrú
- Fjóla Þórdís Jónsdóttir, kennslusviði
- Haraldur Jónasson, fjármálasviði
- Rannveig Erla Guðlaugsdóttir, flugakademíu
- Rúnar Árnason, flugakademíu
- Þórður Halldórsson, tæknifræðideild

Þessi skýrsla gerir grein fyrir niðurstöðum úttekta og athugana sem gerðar hafa verið innan Keilis skólaárið 2016 – 2017.

3. Mat á skólastarfi

Gæðaráð heyrir undir framkvæmdastjórn Keilis og vinnur eftir meginmarkmiðum þess og samkvæmt gæðahandbók Keilis. Gæðaráð sér til þess að innri úttektir séu framkvæmdar og heldur til haga öllu sem við kemur gæðamálum hjá Keili. Um miðja hverja önn metur gæðaráð hvort markmiðum sé fylgt eftir og frávikum sé lokað.

Megin verkefni gæðaráðs Keilis eru:

- Hefur umsjón með framkvæmd á innri úttektum.
- Setur gæðamarkmið Keilis í samráði við framkvæmdastjórn.
- Innra eftirlit með daglegum rekstri Keilis.
- Starfsmannastefna.
- Starfsmannamál.
- Gæðastefna og uppfærsla á gæðahandbók.
- Úrvinnsla á niðurstöðum úttekta.
- Tillögur til úrbóta við framkvæmdastjórn.

- Tryggja gæði náms.

Litið er á gæðastjórnun skólans sem lið í daglegum rekstri hans. Í Keili er unnið að því að bæta gæði skólastarfsins með hliðsjón af eftirfarandi gæðamarkmiðum.

4. Helstu verkefni 2016 – 2017

Á skólaárinu 2016 – 2017 vann skólinn markvisst að framkvæmd sjálfsmats í samræmi við áætlun um innra mat árið 2016 – 2017. Fjöldi kannana voru sendar út og þar sem stór hluti nemenda okkar er af erlendu bergi brotinn voru flestar kannanir einnig sendar út á ensku. Gæðahandbók Keilis er lifandi skjal og því var hún reglulega uppfærð. Lagt var upp með fyrir árið að leggja áherslu á að búa til nýja verkferla í öllum deildum, sem gekk eftir og margir nýir verkferlar voru teiknaðir upp og settir á gæðavefinn. Haldið var áfram með að þýða gæðavefinn yfir á ensku og er sú vinna langt komin.

Á starfsárinu voru eftirfarandi atriði metin:

	Haustönn	Vorönn	Úttektaraðili
Kennsla og kennsluhættir	x	x	Kennslusvið
Skráningarbrottfall	x	x	Kennslusvið/fjármála svið
Einkunnadreifing	x	x	Inna
Líðan nemenda		x	Gæðaráð
Móttaka nýs starfsfólks		x	Gæðaráð
Notkun á heimasíðu skólans		x	Gæðaráð
Notkun nemenda á mötuneytinu		x	Gæðaráð
Starfsmannasamtöl		x	Næsti yfirmaður
Aldur, kyn og búseta nemenda	x	x	Kennslusvið
Gera upp sjálfsmatsáætlun, markmiðssetning		x	Framkvæmdastjórn
Náms- og starfsgengi nemenda sem útskrifaðir eru		x	Deildarstjóri
Gæðakönnun fyrir flugakademíu	x	x	Flugakademía
Sjálfsmatskýrsla deilda		x	Deild
Mat á prófum (á þó ekki við í flugakademíu)	x	x	Kennslusvið / Deild
Ánægjukönnun starfsfólks Keilis		x	Kennslusvið
Prófanir í tölvudeild	x	x	Tölvudeild

5. Niðurstöður kannana

Í niðurstöðum kannana sem birtar eru hér neðar vantar setningar þar sem nemendur fengu að tjá sig um það sem betur má fara og hvað vel er gert. Þetta er gert vegna þess að margir starfsmenn eru nefndir nöfnum og því ekki ásættanlegt að birta það opinberlega.

5.1 Kennsla og kennsluhættir

Veturinn 2016 til 2017 voru kennslukannanir lagðar fyrir í 147 áföngum í heildina. Sendur var út spurningarlisti til nemenda í gegnum tölvupóst. Forstöðumaður hvernar deildar fer yfir

niðurstöður kennslukönnunar með viðkomandi kennara og kemur með tillögur að úrbótum ef þörf þykir og hvetur kennara til að halda því áfram sem vel er gert.

Á vorönn 2017 voru haldnir tíu matsfundir í þremur deildum Keilis. Valdir voru af handahófi 6-10 nemendur úr hverjum hóp og voru þeir boðaðir til fundar með viku fyrirvara. Tveir starfsmenn á kennsluviði héldu utan um fundina. Annar starfsmaðurinn stjórnaði og hinn skráði niður umræðurnar. Byrjað var á því að fara jákvæðan hring þar sem hópurinn fjallaði um það sem er jákvætt við kennsluhætti, skipulag kennslu, námsefni og aðbúnað. Því næst var farinn hringur þar sem nemendur fengu tækifæri til þess að tjá sig um þau atriði sem mættu betur fara að þeirra mati. Öll svör voru skráð niður til úrvinnslu en fyllsta trúnaðar er gætt á þessum fundum. Farið er yfir niðurstöður með forstöðumanni viðkomandi deildar og hefur hann hálfan mánuð til að fara yfir og koma með tillögur til breytinga ef þess er þörf.

5.2 Þjónustukönnun og könnun um líðan nemenda

Á vorönn fór fram þjónustukönnun og könnun um líðan nemenda. Í könnuninni var meðal annars spurt um líðan nemenda í skólanum, ánægju með námið, þjónustu og viðmót starfsfólks og tengsl við samnemendur ásamt spurninga um ánægju með mötuneyti, heimasíðu, tölvuþjónustu og námsráðgjöf. Almennt voru nemendur sáttir og niðurstöður voru í samræmi við markmið um ánægða nemendur. Það helsta sem nemendur Keilis voru ánægðir með var námið, kennarar, aðstaða, námsráðgjafar, kennarar, þjónustan og viðmót starfsfólks. Þau atriði sem nemendur nefndu oftast að þeir vildu láta bæta voru stólar, loftræsting og mötuneyti. Ánægja með mötuneyti hafði engu að síður aukist frá árinu áður.

Farið var yfir niðurstöður með rekstraraðilum mötuneytisins og skoðað hvort hægt væri að gera enn betur, t.d. með því að bjóða upp á hollari kosti. Einnig var fundað með húsnæðisviði og rætt um mögulegar úrbætur. Í kjölfarið hefur stólam verið skipt út í nokkrum stofum og er áætlað að stólam verði skipt út í fleiri stofum skólaárið 2017-2018. Þess má geta að stór hluti nemenda sem svaraði könnuninni eru fjarnemendur sem eru mjög sjaldan í skólahúsnæðinu. Svör voru einnig sundurliðuð eftir deildum og fékk deildarstjóri niðurstöður fyrir sína deild til að rýna í og bæta það sem þeir gætu bætt.

Hér má sjá helstu niðurstöður einstakra spurninga úr könnuninni.

Kyn / Gender

Svar	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk hlutfalla
Karl / Male	65	50,39%	+/-8,63%
Kona / Female	64	49,61%	+/-8,63%
Alls	129	100%	

Aldur / Age

Svar	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk hlutfalla
18 - 30 ára / years	96	74,42%	+/-7,53%
31 - 35 ára / years	17	13,18%	+/-5,84%
36 - 40 ára / years	7	5,43%	+/-3,91%
Eldri en 41 árs / 41 years and older	9	6,98%	+/-4,40%
Alls	129	100%	

Hvaða nám stundar þú / What program do you study?

Svar	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk hlutfalla
Háskólabrú staðnám / Preliminary studies, on-site	14	10,77%	+/-5,33%
Háskólabrú fjarnám / Preliminary studies, distance learning	49	37,69%	+/-8,33%
ÍAK einkaþjálfaranám / ÍAK Personal Trainer Certification	9	6,92%	+/-4,36%
ÍAK styrktarþjálfaranám / ÍAK Strength Coach	3	2,31%	+/-2,58%
Einkaflugmannsnám / Private Pilot Licence	2	1,54%	+/-2,12%
Atvinnuflugmannsnám / Commercial Pilot Licence	21	16,15%	+/-6,33%
Tæknifræði / Technology studies	19	14,62%	+/-6,07%
Flugvirkjanám / Aircraft Engineering	8	6,15%	+/-4,13%
Ævintýraleiðsögunám / Adventure Sport Certificate	0	0,00%	+/-0,00%
Fótaaðgerðafraði / Podiatry	5	3,85%	+/-3,31%
Alls	130	100%	

Ertu að glíma við eitthvað af eftirfarandi / Are you dealing with any of the following?

Svar	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk hlutfalla
Lesblindu / Dyslexia	16	12,60%	+/-5,77%
Athyglisbrest / Attention Deficit Disorder	31	24,41%	+/-7,47%
Ofvirkni / Hyperactivity	10	7,87%	+/-4,68%
Talnablindu / Number blindness dyslexia	5	3,94%	+/-3,38%
Punglyndi / Depression	26	20,47%	+/-7,02%
Kvíða / Anxiety	47	37,01%	+/-8,40%
Annað / Other	19	14,96%	+/-6,20%
Ekkert af ofantöldu / None of the above	48	37,80%	+/-8,43%
Alls	202	100%	

Hversu vel hefurðu tengst samnemendum þínum / How well do you relate/connect to your fellow students?

Svar	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk hlutfalla
Vel yfir meðallagi / Well above average	15	11,54%	+/-5,49%
Yfir meðallagi / Above average	27	20,77%	+/-6,97%
Í meðallagi / Moderately well	62	47,69%	+/-8,59%
Undir meðallagi / Below average	20	15,38%	+/-6,20%
Vel undir meðallagi / Well below average	6	4,62%	+/-3,61%
Alls	130	100%	

Hefurðu fundið fyrir vanlíðan í skólanum / Have you experienced distress or ill-being at Keilir?

Svar	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk hlutfalla
Já / Yes	54	41,54%	+/-8,47%
Nei / No	76	58,46%	+/-8,47%
Alls	130	100%	

Ef já, hvað hefur helst valdið þér vanlíðan / If yes, what has been the main cause for the ill-being?

Svar	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk hlutfalla
Samnemendur / Fellow students	7	12,50%	+/-8,66%
Námið / The study program	19	33,93%	+/-12,40%
Kennarar / Teachers	4	7,14%	+/-6,75%
Annað starfsfólk / Other employees	3	5,36%	+/-5,90%
Persónulegar aðstæður / Personal circumstances	18	32,14%	+/-12,23%
Einelti / Bullying	0	0,00%	+/-0,00%
Annað / Other	5	8,93%	+/-7,47%
Alls	56	100%	

Hefur þú orðið vör/var við að nemendum sé mismunað eftir kyni, aldri, þjóðerni eða öðru slíku í skólanum / Have you experienced discriminations or been aware of students being discriminated against based on gender, age, nationality (or similar) at Keilir?

Svar	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk hlutfalla
Já / Yes	9	7,09%	+/-4,46%
Nei / No	114	89,76%	+/-5,27%
Ef já, þá hvernig / If yes, in what way?	4	3,15%	+/-3,04%
Alls	127	100%	

Hversu ánægð/ur ertu með námið / How satisfied are you with the program you are studying?

Svar	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk hlutfalla
Mjög ánægð/ur / Very satisfied	33	25,38%	+/-7,48%
Ánægð/ur / Satisfied	47	36,15%	+/-8,26%
Í meðallagi / Moderately satisfied	40	30,77%	+/-7,93%
Óánægð/ur / Dissatisfied	9	6,92%	+/-4,36%
Mjög óánægð/ur / Very dissatisfied	1	0,77%	+/-1,50%
Alls	130	100%	

Hversu ánægð/ur ertu með aðstöðuna í Keili / How satisfied are you with the facilities at Keilir?

Svar	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk hlutfalla
Mjög ánægð/ur / Very satisfied	30	23,08%	+/-7,24%
Ánægð/ur / Satisfied	66	50,77%	+/-8,59%
Í meðallagi / Moderately satisfied	25	19,23%	+/-6,77%
Óánægð/ur / Dissatisfied	9	6,92%	+/-4,36%
Mjög óánægð/ur / Very dissatisfied	0	0,00%	+/-0,00%
Alls	130	100%	

Hversu ánægð/ur ertu með þjónustu og viðmót starfsfólks Keilis / How satisfied are you with the service and reception from Keilir employees?

Svar	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk hlutfalla
Mjög ánægð/ur / Very satisfied	53	40,77%	+/-8,45%
Ánægð/ur / Satisfied	55	42,31%	+/-8,49%
Í meðallagi / Moderately satisfied	18	13,85%	+/-5,94%
Óánægð/ur / Dissatisfied	3	2,31%	+/-2,58%
Mjög óánægð/ur / Very dissatisfied	1	0,77%	+/-1,50%
Alls	130	100%	

Hversu ánægð/ur ertu með námsráðgjöf Keilis / How satisfied are you with the academic counselling at Keilir?

Svar	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk hlutfalla
Mjög ánægð/ur / Very satisfied	60	46,51%	+/-8,61%
Ánægð/ur / Satisfied	19	14,73%	+/-6,12%
Í meðallagi / Moderately satisfied	11	8,53%	+/-4,82%
Óánægð/ur / Dissatisfied	3	2,33%	+/-2,60%
Mjög óánægð/ur / Very dissatisfied	0	0,00%	+/-0,00%
Hef ekki nýtt mér þjónustuna / I haven't used the service	36	27,91%	+/-7,74%
Alls	129	100%	

Hversu ánægð/ur ertu með tölvuþjónustu Keilis / How satisfied are you with the computer service at Keilir?

Svar	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk hlutfalla
Mjög ánægð/ur / Very satisfied	39	30,23%	+/-7,93%
Ánægð/ur / Satisfied	34	26,36%	+/-7,60%
Í meðallagi / Moderately satisfied	18	13,95%	+/-5,98%
Óánægð/ur / Dissatisfied	2	1,55%	+/-2,13%
Mjög óánægð/ur / Very dissatisfied	0	0,00%	+/-0,00%
Hef ekki nýtt mér þjónustuna / I haven't used the library	36	27,91%	+/-7,74%
Alls	129	100%	

Hversu ánægð/ur ertu með heimasíðu Keilis / How satisfied are you with the Keilir Homepage?

Svar	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk hlutfalla
Mjög ánægð/ur / Very satisfied	22	17,05%	+/-6,49%
Ánægð/ur / Satisfied	51	39,53%	+/-8,44%
Í meðallagi / Moderately satisfied	41	31,78%	+/-8,04%
Óánægð/ur / Dissatisfied	9	6,98%	+/-4,40%
Mjög óánægð/ur / Very dissatisfied	3	2,33%	+/-2,60%
Hef ekki nýtt mér heimasíðu Keilis / I haven't used the Keilir homepage	3	2,33%	+/-2,60%
Alls	129	100%	

Hversu ánægð/ur ertu með mótuneytið í Keili / How satisfied are you with the canteen at Keilir?

Svar	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk hlutfalla
Mjög ánægð/ur / Very satisfied	5	3,85%	+/-3,31%
Ánægð/ur / Satisfied	21	16,15%	+/-6,33%
Í meðallagi / Moderately satisfied	28	21,54%	+/-7,07%
Óánægð/ur / Dissatisfied	16	12,31%	+/-5,65%
Mjög óánægð/ur / Very dissatisfied	15	11,54%	+/-5,49%
Nota ekki mótuneyti skólamatar / I haven't used the canteen at Keilir	45	34,62%	+/-8,18%
Alls	130	100%	

Nemendur voru að lokum beðnir um að svara hvað þeir væru ánægðastir með og hvað mætti bæta að þeirra mati.

5.3 Náms- og starfsgengi nemenda sem útskrifaðir eru

Á liðnu ári sendu deildarstjórar flugakademíu, háskólabrúar og íþróttakademíu út könnun um náms- og starfsgengi til þeirra nemenda sem útskrifuðust árið 2016. Hringt var í þá nemendur sem útskrifuðust úr tæknifræði árið 2016 og þeir spurðir um náms- og starfsgengi eftir útskrift.

5.4 Móttaka nýs starfsfólks

Könnun um móttöku nýs starfsfólks var send á þá fastráðnu starfsmenn sem hófu störf frá hausti 2015 til vors 2017. Engin könnun var send árið áður vegna þess hve fáir voru nýir það ár. Í könnuninni var meðal annars spurt um stuðning frá næsta yfirmanni, vinnuaðstöðu, móttökur samstarfsfólks og fleira. Niðurstöður könnunarinnar voru kynntar fyrir stjórnendum á framkvæmdastjórafundi og var farið yfir hvað væri hægt að gera betur. Niðurstöðurnar voru almennt góðar og gáfu til kynna að stjórnendur séu að fylgja ferlum um móttöku nýrra starfsmanna.

6. Úttekt á stöðu eigna

Það er markmið Keilis að öll aðstaða innan skólans sé til fyrirmyndar og að hinir ýmsu innanstokksmunir séu fyrir hendi. Húsnæðissvið gerði úttekt á húsnæði og búnaði skólans með þar til gerðum eyðublöðum, bæði frá vinnueftirlitinu og eyðublöðum frá húsnæðissviði. Einnig fóru bæði Flugvirkjadeild og Íþróttakademía í eignaskráningu í verklegri aðstöðu.

7. Starfsmannasamtöl

Á liðnu skólaári tóku stjórnendur starfsmannasamtöl við fastráðna starfsmenn. Í samtölunum var m.a. rætt um verkefna- og ábyrgðarsvið starfsmanns, frammistöðu hans, líðan á vinnustað, starfsánægju, stjórnun, samskipti, markmið og hvaðeina annað sem stjórnandi og starfsmaður töldu að þyrfti að ræða. Í samtalinu gafst einnig færi á að skilgreina fræðsluþarfir starfsmanns á komandi tímabili ásamt óskum um starfsþróun. Sex mánuðum eftir viðtalið ber stjórnendum að fara yfir niðurstöður og meta hvort það sé búið að vinna úr því sem þurfti að vinna úr.

8. Sjálfsmatsáætlun og markmiðssetning

Í byrjun október hélt framkvæmdastjórn Keilis stefnumótunarfund í Bláa Lóninu þar sem m.a. var farið yfir þau markmið sem voru sett árið 2015-2016, hvað náðist af þeim og hvað ekki, hver deild setti sér markmið fyrir næsta ár og næstu fimm ár. Þá var einnig farið yfir þá bresti sem forstöðumenn töldu að hafi þurft að laga úrbætur settar í ferli.

9. Gæðamál flugakademíu

Flugakademía Keilis er með gæðastjóra í fastri vinnu sem sér um að taka út öll gæðamál fyrir flugakademíuna og fer yfir allar niðurstöður með flugmálastjórn. Einnig hélt skólastjóri flugakademíu matsfund einu sinni í mánuði með flugnemendum þar sem farið var yfir hvað var gott og hvað mætti betur fara í náminu.

10. Skráningarbrottfall

Fylgst var með skráningarbrottfalli í skólanum bæði á haustönn og vorönn, það skráð og sent til gæðaráðs.

11. Einkunnadreifing

Einkunnadreifingu er hægt að nálgast á Innu hvenær sem er og reglulega fara deildir yfir einkunnadreifingu í sínum deildum til að hafa til hliðsjónar í stefnumótunarvinnu.

12. Aldur, kyn og búseta nemenda

Kennslusvið tekur saman aldur, kyn og búsetu nemenda. Hér að neðan er að finna töflu sem inniheldur fjöldataölur nemenda og meðalaldur þeirra. Þetta eru nemendur í Háskólabrú, ÍAK einka- og styrktarþjálfaranámi og flugakademíu á haustönn 2016 og vorönn 2017.

Námsleið:	Fjöldi		Meðalaldur	
	Haustönn 2016	Vorönn 2017	Haustönn 2016	Vorönn 2017
Háskólabrú staðnám á Ásbrú	52	50	27 ára	27 ára
Háskólabrú fjarnám	132	171	32 ára	30 ára
ÍAK einka- og styrktarþjálfaranám	84	95	26 ára	27 ára
Flugakademía	187	181	26 ára	25 ára

Í háskólabrú og ÍAK námi eru konur í meirihluta en þó er kynjahlutfallið í ÍAK náminu jafnara en á Háskólabrú. Nemendur flugakademíu eru aftur á móti í meirihluta karlmenn.

Nemendur Keilis koma víða að en hér að neðan er finna töflu sem sýnir búsetu nemenda eftir landshlutum en flestir nemenda eru búsettir á Höfuðborgarsvæðinu.

	Haustönn 2016	Vorönn 2017
Landshlutar:		
Austurland	2%	3%
Erlendis	6%	3%
Höfuðborgarsvæðið	45%	45%
Norðurland	4%	4%
Reykjaneskagi	36%	36%
Suðurland	5%	6%
Vesturland	2%	3%

13. Sjálfsmatsskýrsla deilda

Hver deildarstjóri gerir skýrslu í lok skólaárs þar sem lagt er áherslu á það sem er vel gert og hvað þarfnast úrbóta, hvaða markmið náðust á önninni og sett eru markmið fyrir næsta skólaár. Framkvæmdastjóri fer yfir skýrsluna og kemur með athugasemdir ef einhverjar eru. Skýrslan er svo höfð til hliðsjónar næsta skólaár. Skýrslur bárust frá öllum nema tæknifræðinni.

14. Mat á prófum

Kennarar eru ábyrgir fyrir gerð sinna prófa. Í Keili eru haldin mörg próf og settar eru kröfur á kennara að vera með samræmt útlit á prófum og ákveðnar grunn upplýsingar verða að vera á forsíðu allra prófa. Hver deildarstjóri og prófstjóri fer yfir heildarútlit prófa fyrir hvert próf svo

samræmi sé á milli allra deilda. Deildarstjóri fer yfir dreifingu einkunna ef hann telur ástæðu til.

15. Markmið næsta árs hjá gæðaráði

Mörg verkefni liggja fyrir hjá gæðaráði á næsta skólaári. Ásamt hefðbundnum verkefnum og úttektum verður haldið áfram að þýða vefinn yfir á ensku, en sú vinna er langt komin. Áfram verður haldið að vinna í nýjum verkferlum í samvinnu við starfsfólk. Þá ætlar gæðaráð að koma með tillögu að tveimur nýjum innri úttektum sem eru annars vegar að kennsluvið taki stikkprufur og yfirfari Moodle uppsetningu á einstökum áföngum. Sú úttekt yrði framkvæmd af kennsluráðgjafa. Hin úttektin er að kennsluvið taki stikkprufur á fyrirlestrum í einstökum áföngum. Einnig er markmiðið fyrir næsta ár að starfsfólk nýti sér gæðavefinn í meiri mæli.

16. Samantekt

Eins og sjá má var skólaárið viðburðarríkt hjá gæðaráði. Gæðahandbók var uppfærð reglulega, mikil áhersla á ferlavinnu og margir nýir ferlar voru teiknaðir upp í samvinnu við starfsmenn. Haldið var áfram að þýða gæðavefinn yfir á ensku og er sú vinna langt komin. Fjöldi kannana var sendur út ásamt fjölda úttekta og vann gæðaráð markvisst að framkvæmd sjálfsmats í samræmi við áætlun um innra mat árið 2016–2017. Mörg verkefni liggja fyrir á komandi skólaári og er stefnt að því að koma enskum gæðaskjölum á gæðavef, bæta við innri úttektum á Moodle, ásamt því að halda áfram í frekari ferlavinnu og að sinna reglubundnum úttektum og sjálfsmati.

Framkvæmdastjóri Keilis og gæðaráð hefur aðgang að niðurstöðum allra kannana og annars innra mats inni á lokuðu drifi sem kallast gæðaráð og inni á skjalaskráningarkerfinu One System. Einnig hefur verið farið yfir hverja könnun fyrir sig með næsta deildastjóra og á framkvæmdastjórafundi ef við á.